

Akureyri 25. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til laga um náttúruvernd**, þingskjal 537, 429. mál.

Stjórnin tók málið til umfjöllunar og samþykkti eftirfarandi umsögn:

Frumvarp til laga um náttúruvernd er afar umfangsmikið, enda málaflokkurinn stór og mikilvægur. Við yfirlestur má setja spurningarmerki við ýmislegt, en hér er sá kostur tekinn að beina sjónum fyrst og fremst að stjórn náttúruverndarmála og því sem að sveitarfélögum snýr, eða samtökum þeirra.

III. kaflinn um stjórn náttúruverndarmála varðar m.a. málefni sveitarfélaga og/eða samtaka þeirra t.d. vegna náttúruverndarnefnda. Í 13. grein er fjallað um yfirstjórn ráðherra og hlutverk stofnana. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa miklu hlutverki að gegna samkvæmt 13. grein og það má telja réttmætt miðað við hlutverk þessara stofnana og stöðu. Spyrja má samt hvort ráðherraræði sé óþarflega mikið og hvort ekki væri réttara að ráðherra beri að leita víðtækara samráðs, t.d. við sveitarfélög og landeigendur vegna áforma um friðlýsingu svæða og friðun vistkerrfa. „Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um verkefni Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar á meðal fræðsluhlutverk þeirra.“ Hvergi er þarna minnst á sveitarfélög, sem þó hafa skipulagsvaldið, landshlutasamtök sveitarfélaga eða Samband Íslenskra sveitarfélaga. Þar sem náttúruverndarmál snerta sveitarfélög mikið, starfsemi þeirra og skyldur, þá væri ekki óeðlilegt að aðkoma þeirra væri meiri að stjórn náttúruverndarmála.

Í 14. grein er ráðherra fengið það vald að skipta landinu í náttúruverndarumdæmi að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Hvað um álit sveitarfélaga og samtaka þeirra? Þarna er sama sagan og í 13. grein, hvergi er minnst á sveitarstjórnarstigið.

15. grein er um náttúruverndarnefndir. Þar kemur fram að sveitarfélög geti haft samvinnu um kosningu þeirra en ekkert kemur nánar fram um útfærslu eða stjórnskipulag. Hugsanlega væri til bóta að kveða nánar á um þetta. Áður var slíkt samstarf undir hatti héraðsnefnda og þeim var ætlað tiltekið hlutverk. Nú er það ekki lengur fyrir hendi, sbr. lög nr. 138/2011. Ættu landshlutasamtök að taka við því kefli? Hver á að hafa forystu í að halda utan um samstarfið? Eiga viðkomandi sveitarfélög að gera með sér sérstakan samning um skipan mála og stjórnsýslu? Ef svo er, þarf þá ekki að kveða nánar á um það t.d. í reglugerð? Reyndar er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda, en stjórnsýsla sameiginlegra nefnda þarf einnig að vera ljós. Í þessu samhengi má vísa til 83. greinar en þar er m.a. kveðið á um hvernig stjórnsýsla skuli háttar þegar sveitarfélög standa saman að rekstri fólkvangs.

Ráðherra skipar ráðgjafarnefnd náttúruminjaskrár til fimm ára í senn samkvæmt ákvæðum í 16. grein. Þetta er sjö manna nefnd og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni þrjá þeirra. Þetta er afar jákvætt og mikilvægt að sveitarfélögin komi þarna að málum, enda mun náttúruminjaskrá og endurskoðun hennar hafa mikið að segja um framvindu náttúruverndar á komandi árum, sbr. meðal annars ákvæði í 34. grein um endurskoðun og framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn.

Hvergi er að sjá að framkvæmdaáætlun eigi að fá þinglega meðferð, þ.e. verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar og vekur það spurningar um óþarflega mikið ráðherraræði, sbr. aðrar hugleiðingar um það hér að framan.

Í umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26. september 2012 er m.a. fjallað um 15. og 16. grein og tekið er undir allt sem þar kemur fram. Það á einnig við um það sem fram kemur í VI. kafla frumvarpsins um náttúruminjaskrá.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um akstur utan vega og á vegslóðum. Þarna er að finna nýmæli í 31. grein og 32. grein t.d. um gerð kortagrunns og heimildir ráðherra til að takmarka umferð á tilteknum vegslóðum. Ekki er tekið fram hvort samráð verði haft við viðkomandi sveitarstjórnir þó að bann við umferð sé tvímælalaust skipulagsmál. Einnig þyrfti að koma fram að sveitarfélög eða samtök þeirra eigi aðkomu að starfshópi um greiningu vegslóða og um hverja þeirra verði heimilt að aka vélknúnum ökutækjum. Er í þessu samhengi aftur vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og tekið undir það sem þar kemur fram um þetta efni.

Að síðustu er hér minnst á atriði í tveimur greinum sem hugsanlega mætti lagfæra um leið og tekið er undir verulegar athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga í 10. kafla, einkum 57. grein um sérstaka vernd tiltekinn vistkerfa og jarðminja og 12. tölulíð 97. greinar um breytingar á skipulagslögum.

Í e líð 3. greinar segir: „að standa vörð um óbyggð viðerni landsins“. Um þetta er nánar fjallað í 46. grein þar sem gert er ráð fyrir að friðlýsa megi stór óbyggð landsvæði, a.m.k. 25 km² að stærð og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum. Skilgreina mætti betur hvað felst í orðunum „að standa vörð um“, þó vissulega sé fjallað um það í athugasemdum við einstaka kafla og greinar frumvarpsins, m.a. með vísan til flokkunarkerfis Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN). Mikilvægt er að ljóst sé hvað þetta orðalag þýðir, t.d. með tilliti til ferðalaga um landið, en e.t.v. má í þessu samhengi vísa til mögulegra ákvæða í friðlýsingu óbyggðra landsvæða, sbr. 46. grein.

Í fjórðu grein kemur fram að ákvæði laga um Vatnajökulshjóðgarð og þjóðgarðinn á Þingvöllum gangi framar lögum um náttúruvernd, séu þau ósamþýðanleg. Hvað með aðra þjóðgarða? Á það er hvergi minnst.

Sjálfsgagt mætti fjalla nánar um ýmsar greinar þessa frumvarps um náttúruvernd, en þetta verður hér látið duga, enda er málið til glöggrar skoðunar hjá mörgum aðilum, m.a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem að hagsmuna sveitarfélaganna verður örugglega gætt.

f.h. stjórnar Eypings

Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri